



## Reglur um veitingu launalausra leyfa

1. Umsókn um launalaust leyfi skal berast næsta yfirmanni skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, sé leyfið sem óskað er eftir þrjú mánuði eða lengra. Umsókn um launalaust leyfi til styttri tíma skal berast skriflega a.m.k. sex vikum áður en að leyfi hefst.
2. Til að geta sótt um launalaust leyfi til lengri tíma en þriggja mánaða þarf starfsmaður að hafa starfað hjá Norðurþingi í að minnsta kosti 5 ár. Til að geta sótt um launalaust leyfi í allt að þrjú mánuði þarf starfsmaður að hafa unnið hjá Norðurþingi í 1 ár.
3. Óski starfsmaður eftir launalaus leyfi í allt að fjórar vikur og ósk hans hefur ekki áhrif á starfsemi eða leiði til kostnaðarhækkana í málaflokki skal leitast við að verða við slíkri beiðni.
4. Launalaust leyfi til lengri tíma en fjögurra vikna skal aðeins veitt þegar til þess liggja ríkar ástæður, sem starfsmanni ber að tilgreina um.  
Um effirfarandi viðmið getur m.a. verið að ræða:
  - Framlenging á fæðingarorlofi
  - Sérstakar fjölskylduástæður
  - Nám sem tengist starfi viðkomandi
  - Annað sem kann að réttlæta launalaust leyfi
5. Sé óskað eftir launalaus leyfi til að stunda aðra vinnu mun launalaus leyfi öllu jafna ekki vera samþykkt nema auðsjáanlegt sé að sú vinna muni koma viðkomandi til góðs í því starfi sem hann er ráðinn í hjá Norðurþingi.
6. Sami starfsmaður fær ekki endurtekið leyfi nema sérstakar ástæður réttlæti það og hagsmunir sveitarfélagsins mæli ekki gegn því.
7. Stjórnendur hafa allt að 30 daga til að svara umsókn um launalaust leyfi. Um launalaus leyfi kennara og skólustjóra í grunnskólum vísast til viðmiðunarreglna Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
8. Starfsmaður sem telur synjun um launalaust leyfi ekki vera í samræmi við reglur þessar eða telur á annan hátt sér brotinn getur skotið máli sínu til afgreiðslu byggðarráðs Norðurþings.

**Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Norðurþings þann 28. maí 2024**





**Norðurþing**

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 [nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is)